



Reykjavík 11.04.2019

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík


Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 10. apríl 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Kópavogur

Lagt fram til kynningar bréf Kópavogsbæjar dags. 6. mars 2019 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu Kópavogsbæjar dags. 14. febrúar 2019 vegna endurskoðunar Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 5. apríl 2019.

Vísað til borgarráðs

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 5. apríl 2019.



Kópavogsbær
b/t Birgir H. Sigurðsson
Digranesvegur 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 5. apríl 2019

Mál: Aðalskipulag Kópavogs 2018-2030. Skipulagslýsing.

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar, dagsett 6. mars sl., varðandi verklýsingu fyrirhugaðrar endurskoðunar á aðalskipulagi Kópavogs.

Umhverfis- og skipulagssvið gerir ekki athugasemdar við það verklag og þær megináherslur sem boðaðir eru í lýsingunni. Því er fagnað að styðjast eigi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við mótun tillögu og endurskoðun markmiða. Það er einnig rétt að benda á að markmið Loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040, verði einnig leiðarljós við mótun nýs aðalskipulags. Ennfremur að tryggt verði að stefnan styðji vel við uppbyggingu Borgarlínu, ekki síst fyrstu áfanga hennar, svo markmiðum svæðisskipulags um breyttar ferðavenjum verði náð. Þá er mikilvægt að samhliða endurskoðun stefnu um íbúðarbyggð, verði mótuð stefna í húsnæðismálum sem grundvallist á markmiðum svæðisskipulags, ekki síst markmiði 5.2 (bls. 78): “Á höfuðborgarsvæðinu verði fjölbreyttur húsnæðismarkaður sem uppfylli þarfir íbúa. Hugað verður sérstaklega að framboði á húsnæði á viðráðanlegu verði.”

Umhverfis- og skipulagssvið og Reykjavíkurborg áskilja sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum, þegar tillaga að nýju aðalskipulagi er komin fram.

Haraldur Sigurðsson